

Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur, Reykjavík
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórnar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Aðstoðarritstjórn Björn Bjarnason.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórnar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 691100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 691111. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 691122. Áskriftargjald 1000 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 90 kr. eintakið.

Hrun á sovéska síldarmarkaðinum

Upplausnir og efnahags-hrunið í Sovétríkjunum hefur nú bein og alvarleg áhrif hér á landi, eftir að sovésk yfirvöld hafa skýrt frá því, að gjaldeyris kortur hamli síldar-kaupum. Eins og fram kemur í Morgunblaðsfrétt á fimmtudag telja síldarsaltendur þetta reijðarslag fyrir sig og atvinnulíf í heild. Óskar Vigfússon, formaður Sjómanna-sambands Íslands, segist felmtri sleginn yfir tíðindum og nú verði að beita öllum ráðum til að leiða Sovétmönnum fyrir sjónir hvaða þýðingu það hafi fyrir okkar litla land, ef þeir standi ekki við gerða samninga.

Þeir sem fylgst hafa með gangi mála í Sovétríkjunum undanfarn misseri undrast ekki, þótt kaupendur á síld frá Íslandi hiki við að skuldbinda sig til að greiða fyrir slíkan varning. Af hrúni sovéska hagkerfisins leiðir, að þar er ekki lengur til neinn gjaldeyri, jafnvel ekki fyrir nauðþurftum eins og síld og fiski. Biðaðirnar setja ekki lengur sama svip og áður á götur sovéska borga, vegna þess að almenningur veit, að ekki er eftir neinu að biða fyrir utan verslanir. Sovéskir ráðamenn hafa um önnur og nærtækari vandamál að hugsa, þegar þeir eru sakaðir um að hafa brotið gerða samninga, en síldarviðskiptin við Ísland. Íbúar Sovétríkjanna saka þá einfaldlega um að hafa brotið alla samninga á sér. Forsjá ríkisins hefur gjórsamlega brugðist í öllu tilliti, ríkið er orðið skítblankt og það er tekið að liðast í sundur.

Síldarútsvegsnefnd sem annast samningagerð við Sovétmenn um sölu á saltsíld þangað hefur oftast einu sinni komið mönnum á óvart með þeim samningum, sem hún hefur náð. Óskar Vigfússon, sem á sæti í nefndinni fyrir hönd sjómanna, segir, að hún muni beita öllum ráðum til að tryggja áframhaldandi saltsíldarsölu. Hvorki síldarútsvegsnefnd né aðrir breyta ástandinu innan Sovétríkjanna. Þar virðist enginn hafa öll ráð í hendi sér.

Um leið og tekið er mið af staðreyndum í Sovétríkjunum

er nauðsynlegt að huga að öðrum mörkuðum fyrir síld héðan en hinum sovéska. Oftast er einu sinni hafa orðið umræður um það, hvort ekki kynni að vera hættulegt að treysta um of á Sovétmarkaðinn fyrir síld. Hafa orðið harðar deilur af því tilefni, sérstaklega þegar minnst hefur verið á það, að pólitískar ástæður hafi ráðið einhverju um innkaup Sovétmanna. Þegar þannig er um hnúta bóúð geta mál einmitt þróast í þá átt, að fyrirvaralaust sé tekið fyrir viðskiptin, þótt báðir aðilar hafi í raun hag af þeim og íbúar Sovétríkjanna hafi meiri þörf fyrir síld nú en jafnvel nokkru sinni fyrir, þar sem hungursneyð kann að vera þar á næsta leiti.

Ætlunin er að ræða áfram við Sovétmenn um saltsíldina. Ef til vill eru íslenskir seljendur reiðbúnir að taka meiri áhættu en áður í þessum viðskiptum og treysta því að Sovétmenn geti staðið í skilum, þótt síðar verði. Til slíkra samninga er ekki unnt að ganga nema það liggi skýrt fyrir, hver ber áhættuna ef illa fer. Eigi að velja henni yfir á íslenska skattgreiðendur má ef til vill líta á fyrirhuguð viðskipti sem upphaf íslenskrar neyðarhjálp við Sovétríkin. Frumskilyrði er að um alla þætti málsins sé rætt opið og af hreinskilni.

Það er ekkert sem bendir til þess nú, að í bráð verði Sovétríkin traustur samningsaðili, þvert á móti kynni að vera skynsamlegast að taka upp viðræður beint við fulltrúa einstakra sovéskra lýðvelda, svo sem Rússlands, og kanna hug þeirra. Við Eyrstrasaltíð allt var áður góður markaður fyrir saltsíld. Þar eru nú uppi áform um að hefja svæðisbundna samvinnu og hefur Björn Engholm, forsætisráðherra þýska sambandslandsins Slesvíkur-Holtsetalands, gerst sérstakur talsmaður hennar. Höfum við Íslendingar sýnt slíkum hugmyndum nægan áhuga? Er sjónarhorn okkar ekki of þröngt, ef við einblinum á saltsíldarviðskipti við fulltrúa sovésku ríkisstjórnarinnar í Moskvu?



Nokkrir munanna á sýningunni en á innfelddu myndinni sést fiskigildra sem er meðal þeirra muna sem sýndir eru að Kjarvalsstöðum um þessar mundir.

Kjarvalsstaðir:

Sýning á verkum eskimóa

SÝNING á list inúíta eskimóa frá Alaska hefst að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag. List eskimóanna er hér sýnd á vegum menningar- málanevndar Reykjavíkur og Menningarstofnunar Banda-

ríkjanna, en verkin koma frá mannfæðideild Snithsonian- háskólans í Washington.

Að sögn Kristínar Guðnadóttur, safnvarðar á Kjarvalsstöðum, eru flestir munirnir sýningunni upprunalegir og höfðu notagildi fyrir u.þ.b. hundrað árum.

Verkunum er skipt niður í flokka sem tengjast mismunandi þáttum úr lífi eskimóanna, m.a. veiðum, verslun, fatnaði og heimsmynd. Eskimóarnir við Beringshafð búa enn í mörgum gömlu byggðanna og lifa að mestu á gæðum landsins, þó gömlu veiðiaðferðirnar hafi fyrir löngu vikið fyrir nokun skotveopna og gamlar helgiathafnir vikið fyrir kristinni trú.

Að sögn Kristínar safnaði Edward W. Nelson flestum gripunum á sýningunni kringum 1880, þegar hann starfaði sem veðurathugunarmaður í Alaska fyrir Merkjaþjónustu Bandaríkjanna, en ríkisstjórn Bandaríkjanna hafði þá nýlega keypt Alaska.

Nelson sendi verkin síðan til Snithsonian- háskólans í Wasington þar sem þau eru varðveitt.

Forstöðumaður mannfæðideilda Snithsonian- háskólans, William Fitzhugh, mun halda fyrirlestur um list eskimóanna á sunnudag kl. 16 að Kjarvalsstöðum.

Sýningin er opin alla daga milli kl. 11 og 18.

Heimsmeistaraveingíði í New York:


Jafntefli samið án taf- mennsku í biðstöðunni

SKÁK

Karl Porsteins

EKKERT varð úr frekari taf-
mennsku í sjöttu einvígisskák
Garris Kasparovs og Anatolys
Karpovs eftir að skákinn fór í
bið. Kasparov innsiglaði 42. leik
sinn. Eftir hálf tíma umhugsun
ritaði hann 42. Heð á skorbla-
ðið og bauð jafntefli símleidis
næsta morgun. Eftir drjúgan
umhugsunarrest kom ung-
verski stórmeistarinn Lajos
Portisch með þau skilaboð úr
herbúðum áskorandans að jafn-
teflisboðinu væri tekið.

Líklega er hvorki Kasparov
né Karpov fyllilega sáttir við þessi
málalok. Báðum keppendum urðu
á slæm mistök í viðureigninni.
Karpov náði auðveldlega að jafna
taflið og öðlast frumkvæði í skák-



inni. Miðtaflið tefldi hann á hinn
bóginns afskaplega ráðleysilega
og undir lok setunnar missti Ka-
sparov af fremur auðveldum vinn-
ingsleiðum.

Staðan í einvígínu er nú 3- 2
Kasparov í vil. Karpov hefur hvítt
í sjöundu einvígisskákinni sem
tefld verður aðfaranótt laugar-
dags að Íslenskum tíma.

Trúnaðarstörf í heil- brigðisráðuneytinu

eftir Sigurð Björnsson

Í fyrstu grein laga um heilbrigis-
þjónustu segir: „Allir landsmenn
skulu eiga kost á fullkomnu heil-
brigisþjónustu sem á hverjum tíma
eru tók á að veita til verndar and-
legri, líkamlegri og félagslegri heil-
brigði.“

Síðan er í lögunum ítarlega kveð-
ið á um nefndir og ráð og því lýst
hvornig allir þræðir endi í heilbrigð-
isráðuneyti og loks á borði ráð-
herra. Með slík lög að bakhjarli er
auðvelt fyrir málsvara heilbrigðis-
ráðuneytisins að höfða til þess, að
ráðherra hafi vald til að ákveða
hvað sem honum sýnist eins og
hugmyndafræðingur ráðuneytisins,
Finnur Ingólfsson, gerir í grein í
Mbl. 25. október.

Kerfið

Á undanförunum árum hefur mik-
ið verið rætt um vaxandi kostnað
við heilbrigðiskerfið og leiða verið
leitað til að halda honum í skefjum.
Allar breytingar, sem gerðar hafa
verið, miða að auknum fjókum ríkis-
ins og hafa flestar haft í för með
sér aukin útgjöld skattgreiðenda.
Settar hafa verið á laggirnar nýjar

nefndir og ráð víðs vegar um landið
og gerðar kerfisbreytingar á rekstri
heilsugæzlu og sjúkrahúsa, sem
krefjast stórauks mannafla við
stjórnun og áætlanagerð. Til að
tryggja skilvisi hinnar auknu mið-
stýringar hafa núverandi stjórnend-
ur í heilbrigðisráðuneytinu valið
skoðanabráður sína í stjórnmalum
til forystustarfa í þessu flókna
stjórnkerfi hvar sem því varð við
komið. Muna menn ekki í annan
tíma eftir svo mikilli flokkspólítskri
áhrifasókn úr því ráðuneyti.

Sjúkrahús

Jafnframt þessu hefur það gerst
að markvisst er dregið úr áhrifum
lækna og annarra heilbrigðisstétta
á stefnumörkun og rekstur spítala-
anna enda má sjá þess glögg dæmi
í skertri þjónustu við sjúklinga á
sama tíma og yfirbygging sjúkra-
húsanna er aukin.

Aukin afköst sjúkrahúsa, sem
nást með betri nýtingu tækja og
aðstöðu og koma fram í aukinni
þjónustu við sjúklinga, eru litin
hornauga og svarað með fyrirmæl-
um um aukinn sparnað, sem þýðir
lokanir sjúkrarúma. Undanfarna
mánuði hafa tugir sjúkrarúma á
stóru spítölunum þremur í
Reykjavík þurft að standa auð af

þessum sökum. Niðurskurður hefur
komið verst niður á ýmsum sér-
deildum og leitt til þess að sjúklingar
sem biða eftir bæklunar- og
þvagfæraaðgerðum eru látnir biða
eftir þjónustu mánuðum eða árum
saman.

Veikt fólk myndar sjaldan sam-
tök og á sér fáa talsmenn. Heil-
brigðisstarfsmenn sjá og finna
vandann en raddir þeirra heyrast
illa upp kerfisstíganum eða eru túlka-
ðar sem sérhagsmunagæzla. Við
sem vinnum á sjúkrahúsum erum
undir stöðugum þrýstingi um að
hindra veikt fólk í að leggjast inn
á sjúkradeildir og að koma þeim
sem inn leggjast sem fyrst út aft-
ur. Biðlistar eftir sjúkrarými vegna
sérhæfðra skurðlækninga lengjast.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræðingur heilbrigðis-
ráðuneytisins heitir nokkrum gam-
alkunnum stjórnunaraðferðum. Ein
er að skilgreina óvini kerfisins og
kenna þeim um allt sem aflaga fer.
Þessa óvini kallar hann sérfræðinga
og varar almenning við að leita til
þeirra. Til að ná því marki notar
hann skattpeninga almennings sem
stýritæki, fólk geti farið til annarra
lækna án endurgjalds en hjá hinum
vöndu sérfræðingum skal fólk